

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 84/2008

frá 4. júlí 2008

um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptabjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 67/2008 frá 6. júní 2008 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/771/EB frá 9. nóvember 2006 um samhæfingu tíðnirófsins fyrir þráðlausar sendingar til notkunar fyrir skammdrægan búnað ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/804/EB frá 23. nóvember 2006 um samhæfingu tíðnirófsins fyrir þráðlausar sendingar fyrir örmerkjabúnað sem er notaður á UHF-tíðnisviðinu ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/344/EB frá 16. maí 2007 um samhæft aðgengi að upplýsingum um notkun tíðnirófsins innan Bandalagsins ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í samninginn tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2005/698/EB frá 19. september 2005 um aðgreint bókhald og rekstrarbókhaldskerfi innan reglurammans um rafræn fjarskipti ⁽⁵⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

XI. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 5cy (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/176/EB):

„5cz. **32006 D 0771**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/771/EB frá 9. nóvember 2006 um samhæfingu tíðnirófsins fyrir þráðlausar sendingar til notkunar fyrir skammdrægan búnað (Stjttíð. ESB L 312, 11.11.2006, bls. 66).

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 257, 25.9.2008, bls. 30, og EES-viðbætur við Stjttíð. ESB nr. 58, 25.9.2008, bls. 12.

⁽²⁾ Stjttíð. ESB L 312, 11.11.2006, bls. 66.

⁽³⁾ Stjttíð. ESB L 329, 25.11.2006, bls. 64.

⁽⁴⁾ Stjttíð. ESB L 129, 17.5.2007, bls. 67.

⁽⁵⁾ Stjttíð. ESB L 266, 11.10.2005, bls. 64.

5cza. **32006 D 0804**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/804/EB frá 23. nóvember 2006 um samhæfingu tíðnirófsins fyrir þráðlausar sendingar fyrir örmerkjabúnað sem er notaður á UHF-tíðnisviðinu (Stjttíð. ESB L 329, 25.11.2006, bls. 64).

5czb. **32007 D 0344**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/344/EB frá 16. maí 2007 um samhæft aðgengi að upplýsingum um notkun tíðnirófsins innan Bandalagsins (Stjttíð. ESB L 129, 17.5.2007, bls. 67).“

2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 26i (tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2000/417/EB):

„26j. **32005 H 0698**: Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2005/698/EB frá 19. september 2005 um aðgreint bókhald og rekstrarbókhaldskerfi innan reglurammans um raf-ræn fjarskipti (Stjttíð. ESB L 266, 11.10.2005, bls. 64).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvarðana 2006/771/EB, 2006/804/EB og 2007/344/EB og tilmæla 2005/698/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 5. júlí 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.